

Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 19.11.2018

V / Framvinda byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar

Að loknu útboði var skrifað undir samning við Ístak um byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar þann 17.júlí 2018 sl og hóf verktaki undirbúning þegar í stað. Uppsteypa mannvirkisins hófst þann 9. október 2018. Nú þegar vinna um 50 manns að staðaldri við bygginguna og þann 19.11.2018 var búið að steypa 1.100 m³, sem er ca 14% af allri steypu sem áætluð eru í bygginguna.

Þann 28.ágúst 2018 var skrifað undir samning við Verkís um eftirlit með framkvæmdunum. Yfirhönnuður er Batterið, tæknilegur stjórnandi verksins er Mannvit en tæknin kemur frá Aikan í Danmörku.

Sveitarfélögin hafa öll samþykkt orðalag sem Lánasjóður sveitarfélaga óskar eftir í bókunum sveitarstjórnar fyrir lántöku og unnið er að undirbúningi lántöku hjá Íslandsbanka í samræmi við tilboð þeirra um lánsfjármögnun. Eigendum (þ.e.a.s. sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu) hefur þegar verið send ósk um að þau greiði stofnframlag samtals 350 milljónir fyrir 1. des nk.

Áfallinn kostnaður frá því bygging stöðvarinnar hófst er sem hér segir: (tölur eru í m.kr. án vsk.)

Tímabil	Greiddur kostnaður
Júlí 2018	46,9
Ágúst 2018	50,9
September 2018	120,8
Október 2018	193,3

Heildarkostnaður við byggingu G&J í lok október 2018 var kominn í 411,9 m.kr.

Eitt ágreiningsmál er uppi við Aikan sem snýst um túlkun á skiladögum hönnunargagna og hefur SORPA gert kröfu á Aikan um skaðabætur vegna þessa. Einn sáttafundur hefur verið haldinn, í samræmi við samning aðila, en sá fundur skilað ekki árangri.

Virðingarfyllst,



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri